

**Nd.**

**92. Frumvarp til laga**

**[76. mál]**

um breyting á vegalögum nr. 71 30. des. 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

**1. gr.**

85 gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 3.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.

**2. gr.**

b-liður 87. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

<b>Þungi bifreiðar,</b> kg	<b>Þungaskattur,</b> kr.
0—2000 .....	11 050
2000—2200 .....	11 290
2200—2400 .....	11 530

Pungi bifreiðar, kg	Þungaskattur, kr.
2400—2600 .....	11 770
2600—2800 .....	12 010
2800—3000 .....	12 260
3000—3200 .....	12 500
3200—3400 .....	12 750
3400—3600 .....	13 000
3600—3800 .....	13 250
3800—4000 .....	13 500
4000—4100 .....	13 635
4100—4200 .....	13 770
4200—4300 .....	13 905
4300—4400 .....	14 040
4400—4500 .....	14 175
4500—4600 .....	14 310
4600—4700 .....	14 445
4700—4800 .....	14 580
4800—4900 .....	14 715
4900—5000 .....	14 850
5000—5100 .....	14 985
5100—5200 .....	15 120
5200—5300 .....	15 255
5300—5400 .....	15 390
5400—5500 .....	15 525
5500—5600 .....	15 660
5600—5700 .....	15 795
5700—5800 .....	15 930
5800—5900 .....	16 065
5900—6000 .....	16 200

Fyrir hver 100 kg yfir 6000 kg greiðast kr. 270.00.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1966.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að afla fjár til vegaf framkvæmda í þeim mæli, sem gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir árin 1965 og 1966. Er lagt til að hækka innflutningsgjald af benzíni, sem í 85. gr. vegalaga er ákveðið kr. 2.77 pr. l. í kr. 3.67 pr. l. og þungaskatt af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, samkvæmt b-lið 87. gr. laganna, um 30—35 af hundraði.

Að fenginni reynslu þessa árs má gera ráð fyrir, að sala á benzíni verði um 65 millj. l. á komandi ári. Með 90 aura hækkun á innflutningsgjaldinu verður tekjuaukningin af þessum lið því 58,5 millj. kr.

Brúttótekjur samkvæmt b-lið 87. gr. vegalaga, þ. e. tekjur af þungaskatti bifreiða, sem nota annað eldsneyti en benzín, munu á þessu ári nema sem næst 32.9 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir því að slíkum bifreiðum sé lagt að jafnaði 1/10 hluta ársins. Brúttótekjur af þessum lið ættu því að verða um 45.1 millj. kr.

Hér fer á eftir yfirlit yfir áætlaða tekjuaukningu árið 1966 af innflutningsgjaldi og þungaskatti, ef frumvarp þetta verður að lögum:

	Áætlaðar tekjur '66 skv. gildandi lögum	Áætlaðar tekjur '66 skv. frumvarpi
Brúttótekjur af benzín gjaldi miðað við 65 millj. l. sölu	180.1	238.6
Brúttótekjur af þungaskatti dieselbifreiða .....	32.9	45.1
Tekjur af þungaskatti benzínbifreiða .....	16.0	16.0
Tekjur af gúmmí gjaldi .....	9.0	9.0
	<hr/>	<hr/>
	238.0	308.7
Frá dregst:		
Endurgreiðsla benzín gjalds .....	14.8	19.6
Endurgreiðsla þungaskatts .....	4.5	6.2
	<hr/>	<hr/>
	19.3	25.8
	<hr/>	<hr/>
	218.7	282.9
Tekjuaukning	64.2	
	<hr/>	<hr/>
	282.9	282.9

Sú tekjuaukning, sem hér um ræðir, kemur þó eigi öll fram á næsta ári. Stafar það af því, að innheimtu innflutningsgjalds af benzíni er þannig háttáð, að því er skilað af innflytjendum á öðrum mánuði frá því að það var selt. Ef lögín taka gildi hinn 1. janúar 1966, svo sem ráðgert er, mun hækkunar innflutningsgjaldsins eigi gæta fyrr en í marz n. k. Innflutningsgjald það, sem inn kemur í mánuðunum janúar og febrúar af benzínsölu mánaðanna nóvember og desember, verður að sjálfsögðu samkvæmt núgildandi lögum, kr. 2.77 pr. l. Sala benzíns tvo síðustu mánuði ársins er áætluð um 8.5 millj. l. og tekjumissir ársins 1966 því um 7.7 millj. kr. Raunveruleg tekjuaukning almanaksársins 1966 verður því um 56.5 millj. kr.

Tekjuöflun til vegamála samkvæmt vegáætlun mun hins vegar, ef frumvarp þetta verður að lögum, verða allmiklu meiri síðari tvö ár þess tímabils, sem vegáætlun nær yfir, þar eð þar er reiknað með föstu og jöfnu framlagi úr ríkissjóði bæði árin, en þær tekjur, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, nokkru hærri en ráðgert var að það framlag næmi. Verða þessar umfram-tekjur, ásamt öðrum fjáröflunum til aukningar framkvæmdafjár vegamála, lagðar til grundvallar við endurskoðun veg-áætlunar, sem heimilt er að fari fram fyrir árslok 1966. Hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til þess að rækileg athugun fari fram á því hvernig aflu megi fjár til vegasjóðs og með því ýta á auknar framkvæmdir í hraðbrautum og öðrum vegum, sem mest nauðsyn er að hraða, svo og til aukins vegaviðhalds.

Verði frumvarp þetta að lögum, mun benzínverð á Íslandi verða svipað því, sem gerist í nágrennalöndunum, enda vart við því að búast að notendur þessarar vöru geti fengið hana á lægra verði hér en almennt gerist annars staðar.